



Skipulagsnefnd –2.11.2015

18. fundur

2. nóvember 2015 kl. 13:00-16:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir (forfallaðist)

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.*
2. *Vogajörðin. Deiliskipulag sameignarlands.*
3. *Reykjahlið. Nafngift á nýrri götu.*
4. *Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar og breyting á aðalskipulagi.*
5. *Hótel Gígur. Umsókn um framlengingu á stöðuleyfi.*
6. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi.*
7. *Hótel Reykjahlið. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.*

1. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.

S20120204

Tekið fyrir að nýju, en deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar var staðfest þann 23. febrúar 2015.

Við deiliskipulagsgerðina var ákveðið að fresta vinnu við skipulag miðsvæðis (reitur 113-M skv. Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023) þar sem lega Sauðahellis lá ekki ljós fyrir og þar af leiðandi voru ekki nægjanlegar forsendur til að ljúka skipulagsvinnu á svæðinu. Fyrr á þessu ári var Árni Hjartarson, jarðfræðingur, fenginn til að mæla upp og kortleggja hellinn og liggur niðurstaðan af þeirri vinnu nú fyrir og er

því ekkert til fyrirstöðu að ljúka deiliskipulagsvinnu á miðsvæðinu.

Sveitarstjórn samþykkti þann 10. júní 2015, skv. tillögu skipulagsnefndar, að lokið yrði við gerð deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar eins og ráðgert var í upphafi og jafnframt heimilaði sveitarstjórn að samið yrði við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónsson og félaga ehf um að ljúka verkinu í samræmi við þær hugmyndir sem rætt var um á fundi nefndarinnar 1. júní s.l.

Á fundinn koma Árni Ólafsson, arkitekt, og Lilja Filippusdóttir, landslagsarkitekt, frá Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf, og munu þau fara yfir skipulagshugmyndir sem þau hafa unnið á miðsvæðinu, á reit **113-M** og svæði norðan Austurulandsvegur og vestan Múlavegur.

Skipulagsnefnd heimilar áframhaldandi vinnu í samræmi við það sem rætt var um á fundinum.

2. Vogajörðin. Deiliskipulags sameignarlands. S20151002

Árni Ólafsson, arkitekt, frá Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf, mun gera grein fyrir vinnu við fyrirhugað deiliskipulag sameignarlands Vogajarðarinnar.

Gerð var grein fyrir helstu viðfangsefnum skipulagsins. Skipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með ákvörðun landeiganda Voga með að hafa samvinnu við gerð deiliskipulags af sameignarlandi Vogajarðarinnar. Erindi verður tekið fyrir að nýju þegar deiliskipulagslýsing verður lögð fram.

3. Reykjahlíð. Nafngift á nýrri götu. S20120204

Tekið fyrir að nýju en á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 30. september var m.a fjallað um nafn á nýrri götu í Reykjahlíð og fól sveitarstjórn skipulagsnefnd að koma með tillögu að nafni á götuna.

Auglýst var eftir tillögum að nafni á götunni í Mýflutunni og bárust tillögur frá eftirtöldum aðilum:

Edda Stefánsdóttir.

Víðihraun, Fellahraun, Berjahraun, Berghraun og Fjalldrapahraun (á kanski við lengri götu).

Anton Freyr:

Ég ætla að leggja til að gatan verði nefnd "Víðihraun".

Finnur Baldursson:

Klappahraun

Friðrik Steingrímsson:

Okkur landið er í raun
á því nafni að mata,
kanski má því Klappahraun
kallast þessi gata.

Elaust fæ ég engin laun
en ágiskun þó flíka,
að götunafnið Gjáahraun
gæti blessast líka.

Sólveig Illugadóttir:

Mánahraun, Smárahraun og Víðihraun.

Elva Ásgeirsdóttir:

Hlíðahraun, Reykjahraun, Klettahraun, Álfahraun, Bjarkarhraun og Austurhraun.

Hrafnhildur Geirsdóttir.

Flatahraun.

Tinna Marin:

Litlahraun, Nornahraun, Súluhraun, Línuhraun.

Magnús Rúnar Magnússon:

Skútugata, Skútuvegur, Skútustaðavegur, Skútustaðagata, Reykjavegur, Mývegur, Mýgata,
Mývatnsvegur, Mývatnsgata.

*Skipulagsnefnd þakkar innsendar tillögur og leggur einróma til við sveitarstjórn að gatan verði
nefnd Klappahraun.*

**4. Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar og breyting á aðalskipulagi.
S20140301**

Tekið fyrir að nýju en erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar 23. júní s.l.. Skipulagsnefnd
Skútustaðahrepps boðaði til almenns kynningarfundar í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 15.
júní s.l. þar sem kynnt var tillaga að deiliskipulagi hótellóðar á Flatskalla í landi Grímsstaða
og samsvarandi breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillögurnar voru
kynntar eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.
Á kynningarfundinum komu fram ábendingar sem gáfu tilefni óverulegra breytinga á
tillögunum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. júní 2015 að að auglýsa tillögu að
deiliskipulagi og samsvarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Tillögurnar voru auglýstar
eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um frá og
með 4. september með athugasemdafresti til og með 16. október 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra (HNE), Kristínu Sverrisdóttur, Landeigendum Grímsstaða, Umhverfisstofnun UST),

Minjastofnun:

Athugasemdir/umsagnir	Svar skipulagsnefndar
Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.	Gefur ekki tilefni til svara.

Vegagerðin:

Athugasemdir/umsagnir	Svar skipulagsnefndar
1. Vegagerðin fellst ekki á að vörumóttaka verði við Þjóðveginn, Hringveginn, en leggur til að hún verði við hinn nýja aðkomuveg að hótellóðinni.	<i>Vegna fleiri athugasemda sem gerðar hafa verið við þetta fyrirkomulag óskar nefndin eftir því að umrædd vörumóttaka verði felld brott af deiliskipulagi og að vörumóttakan verði í tengslum við sjálfa hótélbygginguna.</i>
2. Hönnun tengingar aðkomuvegar við Hringveg í hæð og plani verði í samræmi við norskar veghönnunarreglur þar að lútandi og í samráði við Vegagerðina á Akureyri. Aðkomuvegurinn verður væntanlega héraðsvegur og skal hönnun hans lögð fyrir Vegagerðina til samþykktar.	Nefndi samþykkir að eftirfarandi verði bætt inn í greinargerð deiliskipulagsins: <i>Hanna skal aðkomuveg í samráði við Vegagerðina á Akureyri og skv. þeim stöðlum og reglugerðum sem Vegagerðin mælir fyrir um.</i>

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra:

Athugasemdir/umsagnir	Svar skipulagsnefndar
Valkostur tveggja eða þriggja hæða bygging. HNE telur að sjónræn áhrif verði veruleg af tveggja hæða byggingu, sem mundi sjást mjög víða og sé þriðj hæðinni bætt ofan á er eins líklegt að mannvirkið myndi blasa við hvarvetna á Mývatnssvæðinu. Þess vegna telur HNE að ekki ætti að leyfa þriggja hæða byggingu á þessu svæði sem er óraskað að öðru leyti en því að þarna er ófrágengin malarnáma.	Bæði núverandi og fyrrverandi skipulagsnefndir Skútustaðahrepps hafa fjallað ítarlega um þessi atrið og m.a. farið á fyrirhugaðan byggingarstað og látið gera tölvumyndir sem sýna ásýnd hússins frá Þjóðveginum. Það er niðurstaða skipulagsnefndar að þriggja hæða bygging með sama byggingarmagni og tveggja hæða bygging muni hafa í för með sér minni röskun á landi og með góðri hönnun, aðlögun að landi og efnisvali sem fellur vel að landi megi draga umtalsvert úr ásýnd þriggja hæða byggingar.
Fráveita. Fram kemur í lýsingu að hótélbyggingin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og því þurfi að hreinsa skólp með ítarlegri	Skipulagsnefnd tekur undir þessa sjónarmið HNE og óskar eftir að eftirfarandi ákvæðum verði bætt inn í deiliskipulagsgreinargerð:

<p>hreinsun en tveggja þrepa, s.br. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár. Staðsetning, frágangur og stærð hreinsistöðvar skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. HNE minnir á að þegar er mikið álag á lífríki Mývatns vegna frárennslis frá byggðinni og því mikilvægt að vel verði staðið að vali á hreinsivirki sem uppfyllir þær auknu kröfur sem reglugerð 665/2012 kveður á um.</p>	<p><i>Framkvæmdaaðili skal leggja fram hönnunargögn og greinargerð þar sem nákvæm grein verður gerð fyrir fráveitu og hreinsivirki. Gera skal séstaka grein fyrir því hvernig staðið verður að hreinsun köfnunarefnis og fosfórs og annarra áburðarefna úr fráveitu. Auk þessa skal kanna m.a. möguleika á að aðskilja fráveitu frá salernum frá annarri fráveitu ef það muni auðvelda þá hreinsun sem gerðar eru kröfur um. Leggja skal hönnunargögn og greinargerð fyrir HNE og skipulags- og byggingarfulltrúa til samþykktar áður en framkvæmdir hefjast.</i></p>
--	---

Kristín Sverrisdóttir:

Athugasemdir/umsagnir	Svar skipulagsnefndar
<p>„Geri stórkostlega athugasemd og mótmæli að láta sér detta í hug að leyfa utanaðkomandi fjársterkum gróðahyggjumönnum að fara hænuft inn á verndarsvæði Mývatns !!!!!!!!!!!!!</p>	<p><i>Óefnisleg athugasemd sem hvorki varðar tillögu að deiliskipulagi né breytingu á aðalskipulagi.</i></p>
<p>Lágmark að vernda verndarsvæðið !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!</p>	<p>Fyrirhuguð hótélbygging er á ytri mörkum verndarsvæðisins á röskuðu landi og að mati nefndarinnar ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif innan verndarsvæðisins.</p>
<p>Mótmæli þriggja hæða byggingu upp á hól NEI TAKK of hátt.“</p>	<p>Bæði núverandi og fyrrverandi skipulagsnefndir Skútustaðahrepps hafa fjallað ítarlega um þessi atriði og m.a. farið á fyrirhugaðan byggingarstað og látið gera tölvumyndir sem sýna ásýnd hússins frá þjóðveginum. Það er niðurstaða skipulagsnefndar að þriggja hæða bygging með sama bygignarmagni og tveggja hæða bygging muni hafa í för með sér minni röskun á landi og með góðri hönnun, aðlögun að landi og efnisvali sem fellur verl að landi megi draga umtalsvert úr ásýnd þriggja hæða byggingar.</p>

Landeigendur Grímsstaða:

Elín Steingrimsdóttir Grímsstöðum 1 og 4, Herdís Steingrimsdóttir Grímsstöðum 1, Erlingur Ragnarsson Grímsstöðum 2, Birgir Hauksson Grímsstöðum 2 og 3 og Steinunn Ósk Stefánsdóttir Grímsstöðum 2 og 3.

Athugasemdir/umsagnir	Svar skipulagsnefndar
<p>Fyrst og fremst viljum við ítreka að fari verði algerlega eftir lið 3.8 „Byggingarreitur“ um aðgát og umgengni náttúru staðarins en þar segir:</p>	<p>Skipulagsnefnd er mjög meðvituð um þessi mikilvægu atriði og mun hafa þau að leiðarljósi hér eftir sem hingað til í þeim málum sem undir nefndina heyra.</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Að sýna aðgát í umgengni við náttúruleg landslagseinkenni á svæðinu. • Að fella ný mannvirki að landslagi og leggja áherslu á góða hönnun á hinu manngerða umhverfi. • Nýjar byggingar skal fella að landi og virðing í umgengni við náttúruna sýnd í hvívetna. • Heildarskipulag og hugmyndir um frágang lóðar skulu miða að því að landið haldi sínu yfirbragði sem ósnert náttúra eins og kostur er. Íslenskur fjallagróður og hraun sem eru einkennandi fyrir svæðið er viðkvæm náttúra og því ber að varast öll óþarfa spjöll við verklegar framkvæmdir. 	
<p><i>Athugasemd 1:</i> Við eru alfarið á móti því að geymslur og þjónustuhús verði staðsettar við afleggjara upp að hótelinu. Vörumóttaka verði upp við hótelið sjálft. Við vísum í málsgrein í „1 Inngangur“ um þjónustuhús og „3.1 Umferð og bílastæði“ um vöruútskot við þjóðveginn.</p>	<p>Vegna fleiri athugasemda sem gerðar hafa verið við þetta fyrirkomulag óskar nefndin eftir því að umrædd vöruútskot/vörumóttaka verði felld brott af deiliskipulagi og vörumóttakan tengd sjálfri hótélbyggingunni.</p>
<p><i>Athugasemd 2:</i> Við erum alfarið á móti því að lagnaleið sem lýst er í kafla „3.5 Vatn og rafmagn“ sé lögð meðfram hraunkanti að þjóðvegi. Okkur þykir eðlilegra að vegslóðinn frá malarnámu sé nýttur alla leið niður að þjóðvegi og lögnin síðan lögð meðfram þjóðvegi að veitubrunni. Svæðið meðfram hraunkambinum er algjörlega ósnortið í dag og er eðlilegra að nýta svæði sem er nú þegar raskað.</p>	<p>Nefndin samþykkir að eftirfarandi grein verði bætt inn í kafla „3.5 Vatn og rafmagn“:</p> <p><i>Við lagningu vatns, rafmagns og annarra lagna í jörðu skal forðast lagnaleiðir á ósnortnu og óröskuðu landi. Hafa skal samráð við fulltrúa landeigenda Grímsstaða og Skútustaðahrepp um val á lagnaleiðum.</i></p>

Umhverfisstofnun: (Útdráttur úr athugasemdum, sem í heild sinni eru hluti fundargagna)

<p>Tilkynningaskyld framkvæmd Í greinargerð kemur fram að ofangreind framkvæmd fellur undir flokk B í viðauka laga nr. 106/2000 og ber því að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun hefur ekki fengið slíka tilkynningu til umsagnar. Umhverfisstofnun áskilur sér allan rétt til að koma með athugasemdir umfram þær sem</p>	<p>Við gerð deiliskipulagsins hefur verið haft samráð við Skipulagsstofnun þar sem fyrirhuguð framkvæmd fellur undir flokk B í viðauka laga nr. 106/2000. <i>Kafla 12. Ferðalög og tímstundir gr. 12.05. „Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél (o.s.frv.).....“</i></p>
--	---

<p>eru í þessari umsögn ef viðbótarupplýsingar um umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar koma fram í tilkynningu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar.</p>	
<p>Náttúruminjar Náttúra Mývatns og Laxár og umhverfi þessara staða er einstakt á heimsvísu. Eins og fram kemur í ofangreindri tillögu er lóð fyrir áætlað hótél innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 eiga m.a. að tryggja verndun landslags á verndarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar hefur áætluð hótélbygging neikvæð áhrif á landslag með stærð sinni. Einnig mun áætlunin hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðið með röskun og framkvæmdum.</p>	<p>Skipulagsnefnd er mjög meðvituð um mikilvægi þess að vernda viðkvæma náttúru og lífríki Mývatns og sveitarfélagsins í heild sinni. Má í því sambandi benda á ýmis markmið og ákvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2022 þar sem lögð er áhersla á verndun náttúru og umhverfis og á góða hönnun og samspil náttúru og hins manngerða umhverfis svo það raski ekki náttúrulegum landslageinkennum á svæðinu.</p> <p>Í aðalskipulagi er heimild fyrir allt að tveggja hæða hótélbyggingu á reit 363-V. Skipulagsnefnd er meðvituð um að svo umfangsmiklar byggingarframkvæmdir og hér um ræðir munu hafa áhrif á náttúru og umhverfi og bendir á að fyrirhugað hótél er á röskuðu landi á ytri mörkum verndarsvæðisins og ekki á nútímahrauni eins og stór hluti byggingarlands í Mývatnssveit.</p>
<p>Tillaga að deiliskipulagi hótels í landi Grímsstaða, Mývatnssveit. Áætlað er að reisa hótél u.þ.b. 11 metra hátt og verður byggingarmagn alls 5000 m². Í upphafi umhverfisskýrslu kemur fram að metnir voru tveir kostir og umhverfisáhrif þeirra. Annar kosturinn var að byggja hótél á tveim hæðum sem yrði þá u.þ.b. 8 m hátt, en hinn kosturinn sem var skoðaður var að byggja hótelið á þrem hæðum u.þ.b. 11 metra hátt. Umhverfisstofnun felst ekki á að munur á kostunum sé óverulegur. Byggingin mun verða sýnileg og sjónræn áhrif því meiri eftir því sem byggingin er hærri.....</p> <p>.....Umhverfisstofnun tekur undir að jákvætt er að staðsetja hótél að hluta til á röskuðu svæði. Í umhverfisskýrslu kemur fram að byggingar eigi að vera hlutlausar, einfaldar og stílhreinar. Umhverfisstofnun bendir á að áætluð bygging eins og hún er sýnd á tölvumyndum stingur í stúf við aðrar byggingar á svæðinu hvað stærð á einingu varðar. Einnig mun byggingin blasa alls staðar við á Mývatnssvæðinu og því mun 3ja hæða bygging hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif. Stofnunin bendir á að umhverfi Mývatns tekur sífellt meira á sig mynd manngerðs umhverfis og því er</p>	<p>Bæði núverandi og fyrrverandi skipulagsnefndir Skútustaðahrepps hafa fjallað ítarlega um þessi atrið og m.a. farið á fyrirhugaðan byggingarstað og látið gera tölvumyndir sem sýna ásýnd hússins frá þjóðveginum.</p> <p>Það er niðurstaða skipulagsnefndar að þriggja hæða bygging með sama byggingarmagni og tveggja hæða bygging muni hafa í för með sér minni röskun á landi. Það er einnig mat nefndarinnar að það verði óverulegur sjónarmunur á tveggja og þriggja hæða byggingu. Með góðri hönnun, aðlögun að landi og efnisvali sem fellur vel að umhverfinu megi draga umtalsvert úr ásýnd byggingarinnar.</p> <p>Skipulagsnefnd óskar eftir að eftirfarandi kafla verði bætt inn í byggingarskilmála: <i>Við hönnun byggingarinnar og umhverfis hennar skal gæta þess að ljósmengun verði í algjöru lágmarki. Einnig skal forðast stóra spegilfleti í útveggjum byggingarinnar.</i></p>

<p>mikilvægt að lágmarka sjónræn áhrif og að byggingar séu hvorki áberandi stórar eða háar.</p>	
<p>Fráveita:</p> <p>Í umhverfisskýrslu kemur fram að áætlanir um að reisa hótél í landi Grímsstaða innifeli einnig framkvæmdir við hreinsivirki sem reisa á á hótellóðinni og að áætluð er meir en tveggja þrepa hreinsun á fráveitu frá hóteli. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hvert hið þriðja þrep hreinsunar er áætlað og rökstuðningur fyrir vali á þriðja þrepi hreinsunar. Einnig er mikilvægt að fram komi hversu margar persónueiningar eru áætlaðar frá hótelinu. Eins og fram kemur hér að ofan er ofauðgun frá mannlegri starfsemi talin ógna lífríki Mývatns. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum nema að uppfylltar séu kröfur um fráveitu</p>	<p>Sakvæmt umsögn frá HNE „<i>kemur fram í lýsingu að hótélbyggingin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og því þurfi að hreinsa skólþ með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, s.br. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár. Staðsetning, frágangur og stærð hreinsistöðvar skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. HNE minnir á að þegar er mikið álag á lífríki Mývatns vegna frárennslis frá byggðinni og því mikilvægt að vel verði staðið að vali á hreinsivirki sem uppfyllir þær auknu kröfur sem reglugerð 665/2012 kveður á um.“</i></p> <p>Til að árétta mikilvægi þessa máls óskar nefndin eftir að eftirfarandi ákvæðum verði bætt inn í deiliskipulagsgreinargerð:</p> <p><i>Framkvæmdaaðili skal leggja fram hönnunargögn og greinargerð þar sem nákvæm grein verður gerð fyrir fráveitu og hreinsivirki. Gera skal séstaka grein fyrir því hvernig staðið verður að hreinsun köfnunarefnis og fosfórs og annarra áburðarefna úr fráveitu.kolvetna og flúors úrfráveitu. Auk þessa skal kanna m.a. möguleika á að aðskilja fráveitu frá salernum frá annarri fráveitu ef það muni auðvelda þá hreinsun sem gerðar eru kröfur um. Leggja skal hönnunargögn og greinargerð fyrir HNE og skipulags- og byggingarfulltrúa til samþykktar áður en framkvæmdir hefjast.</i></p>
<p>Tölvugerðar myndir</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er til fyrirmyndar að sýna tölvugerðar myndir af áætluðum framkvæmdum. Hins vegar er gagnrýniverð að á tölvumyndum er ekkert til viðmiðunar t.d. fólk, ökutæki eða slíkt sem gæfi stærðarviðmið. Einnig er hótelið alltaf sýnt úr mikilli fjarlægð, betra væri að einnig væru sýndar myndir þar sem sýnt er nærumhverfi hótels með fólk og/eða tækjum inni á svo skynja megi stærðir.</p>	<p>Skipulagsnefnd lét gera tölvumyndir til að tryggja eins og kostur er vandaða málsmeðferð við ákvörðun um hæðafjölda fyrirhugaðrar byggingar. Ásýnd byggingarinnar miðst við sjónarhorn þeirra sem aka um þjóðveginn. Gluggasetning á módelmynd gefur skýrari mynd af umfangi byggingarinnar heldur en fólk og tæki miðað við fyrrgreint sjónarhorn.</p>
<p>Niðurstaða:</p> <p>.....Að mati Umhverfisstofnunar er komið að þeim tímapunkti að sveitarstjórn Skútustaðahrepps móti sér stefnu varðandi það hvort áframhald eigi að vera á uppbyggingu innan verndarsvæðis Mývatns</p>	<p>Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ákveðið að gera viðauka við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2022 þar sem sérstaklega verði tekið á málum ferðaþjónustunnar og uppbyggingu í tengslum við hana í sveitarfélaginu. Í þeirri</p>

<p>og Laxár. Nú þegar er hafið samtal og samvinna milli Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps um það að kortleggja núverandi mannvirki og vinna að ákveðnari framtíðarsýn hvað varðar framkvæmdir á svæðinu. Umhverfisstofnun lýsir sig reiðubúna til að halda áfram þeirri vinnu.</p>	<p>vinnu bindur sveitarfélagið vonir við gott samstarf við Umhverfisstofnun í því verkefni sem og öðrum sem tengjast samspili manns og náttúru í sveitarfélaginu.</p>
---	---

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi verði samþykktar með þeim breytingum sem fram koma í fyrrgreindum svörum skipulagsnefndar við innkomnum athugasemdum. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast gjaldistöku tillagnanna svo breyttum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

5. Hótel Gígur. Umsókn um stöðuleyfi.
S20150202

Tekið fyrir að nýju erindi dags 2. febrúar 2015 frá Hrafnhildi E. Karlsdóttur, hóteltjóra, f.h. Hvanna ehf, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, þar sem hún sækir um stöðuleyfi fyrir tvö smáhýsi sem nú þegar standa austan við hótél Gíg, nær gígunum. (Áður útgefið stöðuleyfi er útrunnið).

Skipulagsnefnd samþykkt til þann 2. mars 2015 endurnýjun á stöðuleyfi til eins árs, en ítrekaði að leyfið yrði ekki endurnýjað. Umsækjanda var bent á að leysa þurfi húsnæðismál starfsfólks á annan fullnægjandi hátt til frambúðar.

Innkomið nýtt erindi dags. 24. október 2015 frá Hrafnhildi Karlsdóttur hóteltjóra, f.h. Hvanna ehf, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík þar hún gerir grein fyrir því að ekki fái stöðuleyfi í Mývatnssveit fyrir starfsfólk hótelsins þrátt fyrir ítrekaða leit. Vinnuafli er af mjög skörum skammti í sveitinni og ferðaþjónustan er starfrækt af fólki sem ekki á heima í sveitinni. Í ljósi þess að áfram eru um stækkun og breytingu á Hótel Gíg þá er óskar eftir að fá framlengingu á stöðuleyfi á húsum á lóðinni.

Uppi eru áform um að fegra húsin verulega en sökum ótiðar í vor og snemmsumars varð ekkert af málningu utanhúss á hótelinu og húsunum eins og til stóð en á því verður breyting.

Skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs í viðbót af sérstökum ástæðum sem fram koma í umsókn en ítrekar að um endanlega ákvörðun af hálfu nefndarinnar er að ræða og stöðuleyfi verður ekki endurnýjað aftur. Nefndin gerir ráð fyrir að við fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu á lóðinni verði fundin framtíðarlausn á búsetu starfsmanna og jafnframt er umsækjanda bent á að í þéttbýlinu í Reykjahlíð eru nú til úthlutunar lóðir sem hentað gætu vel undir starfsmannaíbúðir.

6. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi
S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10

KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015. Erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar þann 17. ágúst s.l.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Umsækjanda var heimilað á fundi skipulagsnefndar 23. júní s.l. að vinna deiliskipulags skv. umræddri skipulagslýsingu og var leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun (UST), og Hjörleifi Gottormssyni. Skipulagsstofnun og Vegagerðin gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna. Athugasemdir bárust frá Vatnajökulspjóðgarði og Landvernd eftir að umsagnarfresti lauk.

Í athugasemdum sem bárust er bent á að kanna aðra staðsetningu heimarafstöðvar og aðra virkjunarkosti sem hafi minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjun. Vettvangsferð var farin á framkvæmdasvæðið í ágúst 2015. Þátttakendur voru fulltrúar Neyðarlínunnar, Mannvits, Vatnajökulspjóðgarðs og Skútustaðahrepps. Í ferðinni komu fram ábendingar og tillögur sem tekið hefur verið tillit til varðandi frekari útfærslu á fyrirkomulagi, staðsetningu og umfangi mannvirkja og þannig dregið úr umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn dags. 29. október 2015, tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur og greinargerð.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma athugasemdum, sem fram komu á fundinum, á framfæri við skipulagsráðgjafa. Erindið verður tekið fyrir að nýju þegar endurbætt gögn hafa borist.

7. Hótel Reykjahlíð. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

S20150403

Tekið fyrir að nýju en málið var síðast á dagskrá nefndarinnar 20. maí s.l. en á þeim fundi var samþykkt að lagt yrði til við sveitarsjórn að kynna skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Nefndin gerði þann fyrirvara á samþykkt sinni að leyfi landeigenda þyrfti að liggja fyrir áður en lýsingin yrði kynnt. Þegar umrætt samþykki lá fyrir var leitað umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 4. júlí til og með 25. júlí s.l. Athugasemdir/umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun (UST), Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystrar (HNE), Vegagerðinni, Guðrúnu M. Valgeirsdóttur, Ólafi H. Jónssyni f.h. Reykjahlíðar III, Sigfúsi Illugasyni og Elísabetu Sigurðardóttir og Ragnari Davíð Baldvinssyni. Tekið var tillit til þeirra að nokkru leyti við gerð deiliskipulagstillögunnar.

Pétur Snæbjörnsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að efna til almenns kynningarfundar þegar fullnægjandi gögn hafa borist þar sem tillaga að deiliskipulagi og tillaga að breytingu á aðalskipulagi verða kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um, áður en tillögurnar verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Fundi slitið.

